

Þriðjudaginn 6. júní 1972.

Nr. 196/1971. **Verkamannafélagið Dagsbrún**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda í

Reykjavík f. h. þrotabús Oks h/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Orlofs- og sjúkrasjóðsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. desember 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 27.112.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki látið sækja þing í málinu fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði 25. nóvember 1971 var bú Oks h/f tekið til gjaldþrotaskipta, og kemur því þrotabúið í þess stað fyrir Hæstarétti.

Með samningi áfrýjanda og Vinnuveitendasambands Íslands 2. júní 1962 var ákveðið, að vinnuveitendur skyldu greiða í styrktarsjóð Dagsbrúnarmanna „sem svarar 1% af útborguðu kaupi verkamanna fyrir dagvinnu til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði“. Með samkomulagi sömu aðilja frá 26. júní 1966 skuldbundu vinnuveitendur sig til að greiða sérstakt gjald í orlofssjóði verkalýðsfélaga, er næmi 0.25% af dagvinnukaupi, reiknuðu á sama hátt og greiðslur til sjúkrasjóða.

Á árinu 1969 hafði Ok h/f á hendi nokkurn atvinnurekstur, og telur áfrýjandi, að félaginu hafi borið að greiða kr. 21.686.00 í sjúkrasjóðsgjald og kr. 5.426.00 í orlofsgjald vegna verkamanna, er hjá félaginu unnu á því ári. Félagið greiddi eigi gjöld þessi, og er um þau kafið í máli þessu.

Áfrýjandi telur, að allir þeir verkamenn, sem krafizt er gjalds fyrir í máli þessu, hafi verið félagsmenn hans. Ok h/f

hafi hins vegar eigi verið aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands né félögum innan þess sambands. Samkvæmt því var Ok h/f ekki bundið af fyrrgreindum kjarasamningum vegna aðildar að þeim. Hins vegar ber, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, að leggja til grundvallar þær staðhæfingar áfrýjanda, að ráðningarkjör verkamanna, er unnu hjá Oki h/f á árinu 1969, hafi verið í samræmi við nefnda kjarasamninga svo og að verkamennirnir hafi verið félagsmenn áfrýjanda. Var Oki h/f því skylt að greiða gjöld þau, sem um er krafið í málinu, og eins og atvikum er háttað, mátti áfrýjandi sjálfur krefja um greiðslur þeirra. Samkvæmt þessu og þar sem leggja verður til grundvallar yfirlýsingar áfrýjanda um fjárhæð gjaldanna, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, verða kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður M. Helgason skiptaráðandi í Reykjavík f. h. þrotabús Oks h/f, greiði áfrýjanda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, kr. 27.112.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1970 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október 1971, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. október 1971, af Verkamannafélaginu Dagsbrún, Reykjavík, gegn Jóni Bergssyni verkfræðingi, Kelduhvammi 27, Hafnarfirði, stjórnarformanni Oks h/f, Bolholti 4, Reykjavík, f. h. félagsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 27.112.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. desember 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera iðgjöld til sjúkra-sjóðs og orlofssjóðs stefnanda vegna ársins 1969, samtals kr. 27.112.00. Sé hér um að ræða gjöld, sem vinnuveitendum beri að greiða samkvæmt kjarasamningi Verkamannafélagsins Dags-

brúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Sjúkrasjóðsgjaldið samsvari 1% af útborguðu kaupi verkamanna fyrir dagvinnu og orlofsgjaldið 0.25% af sömu fjárhæð. Séu gjöld þessi reiknuð út af skattstofu Reykjavíkur og tilkynnt greiðendum bréflega. Hið stefnda félag hafi ekki greitt gjöld þessi þrátt fyrir innheimtutilraun lögmanns stefnanda og sé því mál þetta höfðað.

Í greinargerð sinni á dskj. nr. 2 segir stefnandi, að hið stefnda félag sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og eigi því ekki beina aðild að kjarasamningnum á dskj. nr. 4. Það hafi hins vegar greitt gjöld til sérsjóða Dagsbrúnar um margra ára skeið án þess að hreyfa athugasemdum varðandi skyldu sína. Verkamenn í þjónustu félagsins séu Dagsbrúnarmenn og kjör þeirra í samræmi við samninginn, að því er bezt sé vitað. Verði því að telja, að félagið hafi í framkvæmd viðurkennt sig bundið af samningnum. Hafi gjöldin verið tilkynnt hinu stefnda félagi með bréfi skattstofu Reykjavíkur, dags. 4. desember 1970, og sé þess getið í bréfinu, að þau væru þá þegar í gjalddaga fallin og sé vaxtakrafan miðuð við þann gjalddaga.

Stefnukrafan er sundurliðuð í stefnu og öðrum skjölum málsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Eins og að ofan greinir, er stefndi ekki aðili að kjarasamningum þeim, sem kveða á um gjöld þau, sem hér er stefnt út af. Stefnandi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að stefndi sé skuldbundinn til þess að greiða gjöld þau, sem hér er stefnt út af, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, Ok h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.